

89
10. júlí

Samþykkt

um girðing í Svínavatnshreppi.

Hreppsnefndin í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu hefir, samkvæmt lög-
um 30. júlí 1909 um girðingar, gjört eftirfylgjandi

samþykkt

um girðing í Svínavatnshreppi fyrir Blöndudal, Sljettárdal og Svínadal austan
Svínadalsár.

1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal vera girðing frá Blöndu við Eldjárnsstaði sem
beinast vestur að Svínadalsá í gilsendann sunnan við Hrafnabjörg og svo norður
með Svínadalsá í túngirðinguna á Rútsstöðum og þaðan norður á ytra enda
Skeiðmels.

2. gr.

Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavirsgirðing og að öðru leyti sem
lög um girðingar frá 30. júlí 1909 áskilja.

3. gr.

Kostnaðinn við að leggja girðing þessa og halda henni við ber að greiða
af öllum sauðfjár- og stóðeigendum hreppsins sunnan Múlagirðingar milli Blöndu
og Svínadalsár, nema þeim er heima eiga á Þróm.

Skal gjaldi þessu jafnað þannig niður, að jafnt sje lagt á hverjar 2 ær
með lömbum sem 3 geldkindur og hvert stóðhross sem 3 geldkindur.

4. gr.

Eftirlit með girðingunni, niðurföfnun kostnaðarins og gjaldheimta skal
falið þriggja manna stjórn, er kosin sje af þátttakendum á aðalfundi, er haldinn
sje í aprilmánuði ár hvert. Niðurföfnunin og reikningsskil leggist til úrskurðar fyrir
aðalfund.

5. gr.

Finnist fje, er aðrir eiga en hluthafar, á girðingarsvæðinu, þegar smalað
er vor eða haust eftir ákvörðun hreppsnefndar, má leggja alt að 50 aura gjald
á hverja kind, er renni til girðingarfjelagsins (sbr. 5. gr. í reglugerð fyrir Húna-

vatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 19. júní 1905). Skal hver, sem finnur slíka kind, **89**
skyldur að tilkynna það stjórn girðingarfélagsins. **10. júlí**

Samþykkt þessi er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. september 1912 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. júlí 1912.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

90
27. júlí

um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Austur-Landeyjahreppi.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþykktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og skurði, samið og hjeradsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Austur-Landeyjahreppi.

1. gr.

Skurðir þeir, er samþykkt þessi á sjerstaklega við, eru:

A. Aðfærsluskurðir:

1. Hinn sameiginlegi aðfærsluskurður úr Álunum í Sandvatn.
2. Hólmahverfis- og Bakkaskurður.
3. Ossabæjarskurður.
4. Úlfsstaðaskurður.

B. Aukaskurðir:

1. Skækilsskurður.
2. Búðarhólshverfisskurður.
3. Lágafellsskurður.
4. Skiðbakkahverfisskurður (úr Stórutjörn í Drápslæk).
5. Hildiseyjaskurður (úr Drápslæk að Litlu-Hildisey).
6. Fagurhólsskurður.
7. Bakkaskurður.

C. Affærsluskurðir:

1. Fljótsvegsskurður.
2. Skiðbakkahverfis og Bryggmaskurður.
3. Krossskurður.
4. Hólmaskurður.

2. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps skal hafa umsjón með viðhaldi skurðanna og notkun vatnsins eftir því, sem nánara verður ákveðið í samþykkt þessari.